

# **Knattspyrnusamband Íslands**

---

**Ársreikningur samstæðu**

---

**2022**

---

Knattspyrnusamband Íslands  
Laugardalsvelli  
104 Reykjavík  
kt. 700169-3679

---

# **Knattspyrnusamband Íslands**

---

**Ársreikningur samstæðu**

---

**2022**

## **Efnisyfirlit**

Áritun óháðra endurskoðenda	2-3
Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-13
Sundurliðanir	14-16

# Áritun óháðra endurskoðenda

---

## Til stjórnar Knattspyrnusambands Íslands

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Knattspyrnusambands Íslands fyrir árið 2022. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu sambandsins á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Knattspyrnusambandi Íslands í samræmi við alþjóðlegar síðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar

Stjórnendur bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla Knattspyrnusambands Íslands að undandskildum samstæðuársreikningi og áritun endurskoðenda.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við látum ekki í ljós staðfestingu eða ályktun, í neinu formi, vegna þeirra.

Í tengslum við endurskoðun okkar, berum við ábyrgð á að lesa ofangreindar aðrar upplýsingar og hugleiða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þá þekkingu sem við höfum aflað við endurskoðunina, eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur.

Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að verulegar skekkjur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á samstæðuársreikningum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreiknings eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Knattspyrnusambands Íslands. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreiknings, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

# Áritun óháðra endurskoðenda

---

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftifarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sambandsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemnum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýtingum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sambandsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbryggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn og framkvæmdastjóra meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjavík, 15. febrúar 2023

**Deloitte ehf.**

Birna María Sigurðardóttir  
Birna María Sigurðardóttir,  
endurskoðandi

Kristján Þór Ragnarsson  
Kristján Þór Ragnarsson,  
endurskoðandi

# Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Knattspyrnusamband Íslands (hér eftir nefnt KSÍ) eru heildarsamtök knattspyrnufélaga á Íslandi og er eitt af sérsamböndum Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands. KSÍ er aðili að alþjóðaknattspyrnusambandinu FIFA og Knattspyrnsambandi Evrópu UEFA. KSÍ og tengdir aðilar eru öll með aðsetur á Laugardalsvelli. Fjöldi ársverka á reikningsárinu á skrifstofu voru 18.

Hagnaður samstæðu Knattspyrnusambands Íslands á árinu 2022 nam um 156,9 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi samstæðunnar nema eignir um 1.551,2 m.kr. og bókfært eigið fé í árslok er um 866,2 m.kr. Stjórn félagsins vísar í ársreikningin um ráðstöfun hagnaðar og breytingar á eigin fé. Ársreikningurinn er birtur samhliða Árskýrslu KSÍ sem fjallar um starfsemina á árinu.

Að álíti stjórnar og framkvæmdastjóra Knattspyrnusambands Íslands koma fram í samstæðuársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok, rekstrararárangri ársins og fjárhagslegrí þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri KSÍ staðfesta hér með samstæðuársreikning KSÍ fyrir árið

Reykjavík, 15. febrúar 2023

## Stjórn og framkvæmdastjóri

Vanda Sigurðardóttir

Vanda Sigurðardóttir  
formaður

Borghildur Sigurðardóttir

Borghildur Sigurðardóttir  
varaformaður

Klara Bjartmarz

Klara Bjartmarz  
framkvæmdastjóri

Helga Helgadóttir

Helga Helgadóttir

Orri Vignir Hlöðversson

Orri Vignir Hlöðversson

Torfi Rafn Halldórsson

Sigfús Asgeir Káráson

Sigfús Asgeir Káráson  
varaformaður

Guðlaug Helga Sigurðardóttir

Guðlaug Helga Sigurðardóttir

Ivar Ingimundarson

Pálmi Haraldsson

Pálmi Haraldsson

Unnar Stefán Sigurðsson

# Rekstrarreikningur ársins 2022

	<b>Skýr.</b>	<b>Raun 2022</b>	<b>Áætlun 2022</b>	<b>Raun 2021</b>
Styrkir og framlög .....		1.060.931.496	1.071.902.246	1.085.704.618
Tekjur af landsleikjum .....		207.669.768	195.400.000	110.920.029
Sjónvarpsréttur .....		504.600.317	359.050.381	303.376.219
Aðrar tekjur .....		96.797.046	88.128.000	69.167.950
Mótvægisstyrkur vegna Covid .....		110.117.814	0	0
Rekstrartekjur Laugardalsvallar .....	12	67.239.665	63.156.384	61.824.858
		2.047.356.106	1.777.637.011	1.630.993.674
Kostnaður við landslið .....		(931.627.077)	(871.437.838)	(741.532.474)
Mótakostnaður .....		(245.713.892)	(235.262.139)	(213.815.730)
Fræðslukostnaður .....		(62.167.700)	(64.608.670)	(62.916.671)
Skrifstofu- og rekstrarkostnaður .....		(351.621.796)	(304.901.639)	(323.829.364)
Húsnæðiskostnaður .....		(26.660.614)	(25.050.000)	(27.189.850)
Rekstrargjöld Laugardalsvallar .....	12	(86.698.443)	(93.156.384)	(90.991.537)
Afskriftir fastafjármuna .....	6	(44.005.214)	(47.000.000)	(45.313.688)
		(1.748.494.736)	(1.641.416.670)	(1.505.589.314)
<b>Rekstrarhagnaður</b>		298.861.370	136.220.341	125.404.360
Styrkir vegna mannvirkjasjóðs .....		25.984.179	30.000.000	24.950.000
Kostnaður vegna mannvirkjasjóðs .....		(25.984.179)	(30.000.000)	(24.950.000)
Fjármunatekjur .....	4	27.643.477	5.000.000	4.419.293
Fjármagnsgjöld .....	5	(7.057.301)	(2.200.000)	(2.722.880)
Gengismunur .....		(9.157.137)	0	(6.721.059)
<b>Hagnaður fyrir ráðstöfun til aðildarfélaga</b>		310.290.409	139.020.341	120.379.714
Ráðstöfun til aðildarfélaga .....	14	(153.427.705)	(117.902.791)	(144.773.369)
<b>Hagnaður/(Tap) ársins</b>		156.862.704	21.117.550	(24.393.655)

# Efnahagsreikningur 31. desember 2022

## Eignir

	Skyr.	31.12.2022	31.12.2021
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	6	350.314.085	354.877.509
Eignarhlutar í félögum .....		882.352	882.352
		<u>351.196.437</u>	<u>355.759.861</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	7	538.785.474	364.403.130
Aðrar skammtímakröfur .....		1.392.295	2.187.679
Handbært fé .....		659.779.037	669.497.760
		<u>1.199.956.806</u>	<u>1.036.088.569</u>
<b>Eignir</b>		<u>1.551.153.243</u>	<u>1.391.848.430</u>
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé .....	8	866.189.117	709.326.413
Eigið fé		<u>866.189.117</u>	<u>709.326.413</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	9	985.714	0
		<u>985.714</u>	<u>0</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	9	293.106.856	344.235.805
Viðskiptaskuldri .....	10	269.794.591	211.186.848
Aðrar skammtímaskuldir .....	10	121.076.965	127.099.364
		<u>683.978.412</u>	<u>682.522.017</u>
Skuldir		<u>684.964.126</u>	<u>682.522.017</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>1.551.153.243</u>	<u>1.391.848.430</u>

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2022

---

	Skýr.	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður .....		298.861.370	125.404.360
Afskriftir .....	6	44.005.214	45.313.688
Söluhagnaður fastafjármuna .....		0	(100.000)
<b>Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta</b>		<b>342.866.584</b>	<b>170.618.048</b>
Rekstrartengdar eignir, (hækkun) lækkun .....		(173.586.960)	(147.147.002)
Rekstrartengdar skuldir, hækkun (lækkun) .....		2.442.109	319.424.930
<b>Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta</b>		<b>171.721.733</b>	<b>342.895.976</b>
Innborgaðar vaxtatekjur og gengismunur .....		18.486.340	(2.301.766)
Greidd vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur .....	5	(7.057.301)	(2.722.880)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>183.150.772</b>	<b>337.871.330</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....	6	(39.441.790)	(75.575.683)
		<b>(39.441.790)</b>	<b>(75.575.683)</b>
<b>Fjármögnumunarhreyfingar</b>			
Ráðstöfun til aðildarfélaga .....	14	(153.427.705)	(144.773.369)
		<b>(153.427.705)</b>	<b>(144.773.369)</b>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár .....		(9.718.723)	117.522.278
Handbært fé í upphafi árs .....		669.497.760	551.975.482
Handbært fé í lok árs .....		<b>659.779.037</b>	<b>669.497.760</b>

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Knattspyrnusamband Íslands (hér eftir nefnt KSÍ) eru heildarsamtök knattspyrnufélaga á Íslandi og er eitt af sérsamböndum Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands. KSÍ er aðili að alþjóðaknattspyrnusambandinu FIFA og Knattspyrnsambandi Evrópu UEFA. KSÍ og tengdir aðilar eru öll með aðsetur á Laugardalsvelli.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur KSÍ fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga á Íslandi. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sambandsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggar fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Samstæða

Ársreikningur KSÍ samstæðunnar tekur til ársreikninga KSÍ, KSÍ ehf. og KSÍ-Laugardalsvallar.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna.

### Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá KSÍ. Sjá nánar skýringu 11.

### Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög um ársreikninga á Íslandi. Hluti tekna KSÍ hafa verið greiddur fyrirfram og eru tekjurnar innleystar í rekstrarreikningi á því tímabili sem þær tilheyra.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2022	2021	31.12.2022	31.12.2021
Evra (EUR) .....	142,33	150,19	151,50	147,60
Bandaríkjadalar (USD) .....	135,46	127,05	142,04	130,38

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félagini og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði, nema skrifstofur og fræðslusetur KSI en þar eru styrkir sem KSI fékk vegna byggingarinnar dregnir frá kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshlut af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu og gengismunar. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Viðskiptaskuldur

Viðskiptaskuldur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að sambandið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## 3. Laun og launatengd gjöld skrifstofu

	2022	2021
Laun .....	198.022.877	180.557.876
Mótframlag í lífeyrissjóð .....	26.772.509	23.929.733
Önnur launatengd gjöld .....	<u>31.269.736</u>	<u>25.605.372</u>
	<u>256.065.122</u>	<u>230.092.981</u>

Laun og bifreiðastyrkur til formanns námu um 19,5 m.kr. og til framkvæmdastjóra um 17,2 m.kr.

Ársverk að meðaltali ..... 18 18

## 4. Fjármunatekjur

	2022	2021
Vaxtatekjur .....	27.643.477	4.419.293
	<u>27.643.477</u>	<u>4.419.293</u>

# Skýringar

## 5. Fjármagnsgjöld

	2022	2021
Fjármagnstekjuskattur af vöxtum .....	(6.013.479)	(964.876)
Vaxtagjöld og bankakostnaður .....	<u>(1.043.822)</u>	<u>(1.758.004)</u>
	<u>(7.057.301)</u>	<u>(2.722.880)</u>

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Skrifstofur og fræðslusetur	Bifreiðar	Áhöld, tæki og innréttningar	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>				
Staða í ársbyrjun .....	282.594.038	6.534.945	403.642.570	692.771.553
Eignfært á árinu .....	0	0	39.441.790	39.441.790
Staða í árslok .....	<u>282.594.038</u>	<u>6.534.945</u>	<u>443.084.360</u>	<u>732.213.343</u>
<b>Afskriftir</b>				
Staða í ársbyrjun .....	57.963.661	5.869.207	274.061.176	337.894.044
Afskrift ársins .....	2.609.885	2.107.218	39.288.111	44.005.214
Staða í árslok .....	<u>60.573.546</u>	<u>7.976.425</u>	<u>313.349.287</u>	<u>381.899.258</u>
<b>Bókfært verð</b>				
Bókfært verð í ársbyrjun .....	224.630.377	665.738	129.581.394	354.877.509
Bókfært verð í árslok .....	<u>222.020.492</u>	<u>(1.441.480)</u>	<u>129.735.073</u>	<u>350.314.085</u>
Afskriftarhlutföll .....	1%	20%	0-35%	

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Vátrygginga- mat
Skrifstofur og fræðslusetur .....	367.250.000	653.450.147

## 7. Aðrar peningalegar eignir

	31.12.2022	31.12.2021
Innlendar viðskiptakröfur .....	156.576.480	96.829.259
Erlendar viðskiptakröfur .....	389.511.550	267.573.871
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast .....	<u>(7.302.556)</u>	<u>0</u>
	<u>538.785.474</u>	<u>364.403.130</u>
<b>Aðrar skammtímakröfur</b>		
	<u>31.12.2022</u>	<u>31.12.2021</u>
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	0	1.100.732
Aðrar kröfur .....	<u>1.392.295</u>	<u>1.086.947</u>
	<u>1.392.295</u>	<u>2.187.679</u>

# Skýringar

## 7. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum

	31.12.2022	31.12.2021
Bankainnstæður í íslenskum krónum .....	648.556.350	657.652.934
Bankainnstæður í erlendri mynt .....	10.109.568	10.279.162
Sjóður .....	1.113.119	1.565.664
	<hr/>	<hr/>
	659.779.037	669.497.760

## 8. Eigið fé

Óráðstafað eigið fé greinist þannig:

	Fjárhæð
Staða 1.1.2021 .....	733.720.068
Tap ársins 2021 .....	(24.393.655)
Staða 1.1.2022 .....	709.326.413
Hagnaður ársins 2022 .....	156.862.704
	<hr/>
	866.189.117

## 9. Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur sundurliðast með eftirfarandi hætti

	31.12.2022	31.12.2021
Fyrirframinnheimtar tekjur UEFA/FIFA .....	294.092.570	344.235.805
Tekjur 2023/2022 vegna sjónvarpsréttar og UEFA/FIFA framlaga .....	(293.106.856)	(344.235.805)
Fyrirframinnheimtar tekjur, langtímhahluti í árslok .....	<hr/>	<hr/>
	985.714	0

## 10. Aðrar peningalegar skuldir

### Viðskiptaskuldir

	31.12.2022	31.12.2021
Innlendar viðskiptaskuldir .....	268.816.711	209.650.775
Erlendar viðskiptaskuldir .....	977.880	1.536.073
	<hr/>	<hr/>
	269.794.591	211.186.848

# Skýringar

## 10. Aðrar peningalegar skuldir (framhald)

### Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2022	31.12.2021
Laun og launatengd gjöld .....	116.407.867	123.651.320
Aðrar skuldir .....	4.669.098	3.448.044
	<b>121.076.965</b>	<b>127.099.364</b>

## 11. Gjaldmiðlaáhætta

KSÍ býr við gjaldmiðlaáhættu vegna erlendra viðskiptakrafna, handbærs fjár í erlendum gjaldmiðlum og viðskiptaskulda í erlendum gjaldmiðlum.

Bókfært verð eigna og skulda sem háðar eru gengisáhættu greinist þannig:

	31.12.2022	31.12.2021
Viðskiptakröfur .....	389.511.550	267.573.871
Bankainnstæður .....	10.109.568	10.279.162
Viðskiptaskuldir .....	(977.880)	(1.536.073)
	<b>398.643.238</b>	<b>276.316.960</b>

## 12. Laugardalsvöllur

Rekstrartekjur og -gjöld Laugardalsvallar eru sýnd sérstaklega og greind frá öðrum rekstrartekjum og -gjöldum samstæðunnar, að afskriftum undanskildum. Aðrir rekstrarliðir og efnahagsliðir eru færðir meðal sambærilegra liða í samstæðureikningnum. Viðskiptum innan samstæðu er eytt út við gerð samstæðureiknings. Rekstrarreikningur Laugardalsvallar sundurliðast á eftirfarandi hátt.

	Raun 2022	Áætlun 2022	Raun 2021
Framlög og styrkir .....	59.906.388	57.000.000	57.000.000
Tekjur af leikjum .....	11.870.367	16.500.000	30.750.000
Aðrar tekjur .....	5.962.910	2.000.000	2.074.858
Laun og tengd gjöld .....	(31.498.756)	(32.750.000)	(31.291.240)
Rekstur mannvirkja .....	(41.913.745)	(38.970.000)	(36.849.878)
Annar rekstrarkostnaður .....	(13.285.942)	(18.260.000)	(22.850.419)
Afskriftir .....	(5.094.705)	(3.300.000)	(5.252.387)
Fjármunatekjur .....	258.175	0	31.428
Fjármagnsgjöld .....	(69.899)	0	(29.786)
Tap ársins .....	<b>(13.865.207)</b>	<b>(17.780.000)</b>	<b>(6.417.424)</b>

Eigið fé Laugardalsvallar er neikvætt í árslok um 23,5 m.kr. en var í ársbyrjun neikvætt um 10,8 m.kr.

# Skýringar

---

## 13. Samningar KSÍ og Reykjavíkurborgar

Knattspyrnusamband Íslands, fyrir hönd Laugardalsvallar, gerði þann 13. ágúst 2014 samning við Reykjavíkurborg um rekstur Laugardalsvallar. Samningurinn tók gildi í ársbyrjun 2014 og gildir út árið 2025. Framlag Reykjavíkurborgar til rekstrar vallarins á árinu 2022 nam 59,9 m.kr.

## 14. Ráðstöfun til aðildarfélaga

Alls var um 153,4 m.kr. úthlutað til aðildarfélaga en áætlun gerði ráð fyrir 117,9 m.kr. KSÍ greiddi 58,2 m.kr. til aðildarfélaga (annarra en þeirra sem léku í Bestu deild karla) vegna barna- og unglingsstarfs. Félögin í Bestu deild karla fengu sérstakt framlag frá UEFA vegna þróunarstarfs barna og unglings í knattspyrnu (club youth development) að fjárhæð 159,5 m.kr. Þá fengu átta félög í Bestu deild kvenna (sem tóku ekki þátt í Evrópukeppni) einnig framlag frá UEFA, að fjárhæð 19,2 m.kr. sem skilyrt er til þróunar á knattspyrnu kvenna. Þess utan greiddi KSÍ félögum í leyfiskerfinu 41,1 m.kr. og ferðapáttökugjald, tæknibúnað, verðlaunafé og sjónvarpsgreiðslur vegna Mjólkurbikars, að fjárhæð 54,1 m.kr. á árinu.

## 15. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á fundi með stjórnendum og framkvæmdastjóra þann 15. febrúar 2023.

# Sundurliðanir

	Raun 2022	Áætlun 2022	Raun 2021
<b>Styrkir og framlög</b>			
ÍSÍ .....	43.067.150	50.000.000	48.415.912
Íslenskar getraunir .....	14.929.714	14.000.000	11.564.224
UEFA .....	684.530.742	708.522.246	549.083.121
FIFA .....	160.900.000	146.180.000	315.685.000
Ýmsir styrkir .....	157.503.890	153.200.000	160.956.361
	<b>1.060.931.496</b>	<b>1.071.902.246</b>	<b>1.085.704.618</b>
<b>Aðrar tekjur</b>			
Fræðslutekjur .....	24.042.469	29.702.500	25.833.000
Mótatekjur .....	58.285.270	54.238.000	13.979.800
Erlendar leyfistekjur .....	4.124.465	1.787.500	6.755.150
Aðrar tekjur .....	10.344.842	2.400.000	22.600.000
	<b>96.797.046</b>	<b>88.128.000</b>	<b>69.167.950</b>
<b>Kostnaður við landslið</b>			
<b>A-landslið karla</b>			
Ferðakostnaður .....	189.769.576	168.561.120	161.522.877
Laun og verktakagreiðslur .....	80.129.080	75.667.322	124.512.117
Heimaleikir, æfingar, búnaður, sjúkravörur o.fl. .....	49.274.012	39.210.000	61.642.433
	<b>319.172.668</b>	<b>283.438.442</b>	<b>347.677.427</b>
<b>U-21 landslið karla</b>			
Ferðakostnaður .....	42.519.528	41.595.000	42.344.234
Laun og verktakagreiðslur .....	19.779.450	20.860.175	15.833.127
Heimaleikir, æfingar, búnaður, sjúkravörur o.fl. .....	12.261.769	7.000.000	12.524.417
	<b>74.560.747</b>	<b>69.455.175</b>	<b>70.701.778</b>
<b>U-19 landslið karla</b>			
Ferðakostnaður .....	19.795.763	28.128.656	12.202.683
Laun og verktakagreiðslur .....	14.842.020	15.434.885	13.589.055
Æfingar, búnaður og sjúkravörur .....	5.962.974	2.117.500	4.000.652
	<b>40.600.757</b>	<b>45.681.041</b>	<b>29.792.390</b>
<b>U-17 landslið karla</b>			
Ferðakostnaður .....	14.922.802	20.565.664	12.144.607
Laun og verktakagreiðslur .....	13.570.322	16.382.385	11.267.634
Æfingar, búnaður og sjúkravörur .....	4.680.050	3.065.000	4.310.554
	<b>33.173.174</b>	<b>40.013.049</b>	<b>27.722.795</b>
<b>A-landslið kvenna</b>			
Ferðakostnaður .....	148.251.369	127.740.200	67.457.200
Laun og verktakagreiðslur .....	116.241.553	101.188.015	57.191.429
Heimaleikir, æfingar, búnaður, sjúkravörur o.fl. .....	42.918.804	54.181.100	36.958.541
	<b>307.411.726</b>	<b>283.109.315</b>	<b>161.607.170</b>

# Sundurliðanir

	Raun 2022	Áætlun 2022	Raun 2021
<b>U-23 landslið kvenna</b>			
Ferðakostnaður .....	4.546.120	3.060.000	0
Laun og verktakagreiðslur .....	749.000	1.440.000	0
Æfingar, búnaður og sjúkravörur .....	342.609	500.000	0
	<u>5.637.729</u>	<u>5.000.000</u>	<u>0</u>
<b>U-19 landslið kvenna</b>			
Ferðakostnaður .....	15.102.538	17.995.984	6.135.753
Laun og verktakagreiðslur .....	13.929.152	14.912.602	10.747.357
Æfingar, búnaður og sjúkravörur .....	5.444.398	2.630.000	3.062.981
	<u>34.476.088</u>	<u>35.538.586</u>	<u>19.946.091</u>
<b>U-17 landslið kvenna</b>			
Ferðakostnaður .....	21.624.166	19.756.464	14.384.118
Laun og verktakagreiðslur .....	16.220.345	14.905.102	7.957.819
Æfingar, búnaður og sjúkravörur .....	5.572.806	2.622.500	3.781.697
	<u>43.417.317</u>	<u>37.284.066</u>	<u>26.123.634</u>
<b>Hæfileikamótun</b>			
	<u>38.287.535</u>	<u>36.208.164</u>	<u>27.206.139</u>
<b>Sameiginlegur landsliðskostnaður</b>			
	<u>34.889.336</u>	<u>35.710.000</u>	<u>30.755.050</u>
<b>Kostnaður við landslið</b>			
	<u>931.627.077</u>	<u>871.437.838</u>	<u>741.532.474</u>
<b>Mótakostnaður</b>			
Dómaralaun og launatengd gjöld .....	162.328.010	166.274.139	143.897.586
Ferðakostnaður dómara .....	19.467.292	17.640.000	16.723.493
Annar dómarakostnaður .....	18.185.586	18.000.000	15.545.941
Evrópukeppni félagsliða .....	8.019.744	8.600.000	9.228.243
Markaðs- og auglýsingakostnaður .....	16.717.564	9.848.000	8.422.744
Annar mótkostnaður .....	20.995.696	14.900.000	19.997.723
	<u>245.713.892</u>	<u>235.262.139</u>	<u>213.815.730</u>
<b>Fræðslukostnaður</b>			
Laun og verktakakostnaður .....	39.568.393	41.021.170	42.128.950
Landshlutaverkefni .....	3.188.822	3.000.000	1.506.134
Námskeið og kennslugögn .....	19.410.485	20.587.500	19.281.587
	<u>62.167.700</u>	<u>64.608.670</u>	<u>62.916.671</u>

# Sundurliðanir

	Raun 2022	Áætlun 2022	Raun 2021
<b>Skrifstofu og rekstrarkostnaður</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	251.051.510	238.729.639	226.125.171
Annar starfsmannakostnaður .....	5.013.612	4.000.000	3.967.810
Sími, internet, pappír, prentun og ritföng .....	6.781.023	5.450.000	5.157.055
Rekstrarkostnaður tölva og tækja .....	28.321.774	22.700.000	24.867.075
Áðkeypt sérfraðiaðstoð .....	18.762.354	14.922.000	37.150.328
Ráðstefnur og fundir innanlands/erlendis .....	16.407.164	7.000.000	9.223.468
Ársþing .....	7.626.732	7.000.000	7.087.521
Styrkir, framlög og gjafir .....	4.171.917	3.000.000	4.467.210
Kostnaður vegna Þjóðarleikvangs .....	2.047.741	0	0
Árgjald til UEFA og FIFA .....	75.675	100.000	41.365
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	2.470.735	2.000.000	7.202.521
Varúðarniðurfærsla krafna, breyting .....	7.302.556	0	(1.460.160)
Afskrift tapaðra krafna .....	1.589.003	0	0
	<hr/> <u>351.621.796</u>	<hr/> <u>304.901.639</u>	<hr/> <u>323.829.364</u>

## Húsnaðiskostnaður

Tryggingar .....	864.092	850.000	940.337
Húsnaðiskostnaður .....	<hr/> <u>25.796.522</u>	<hr/> <u>24.200.000</u>	<hr/> <u>26.249.513</u>
	<hr/> <u>26.660.614</u>	<hr/> <u>25.050.000</u>	<hr/> <u>27.189.850</u>